Kæranda hafi þann 25. september 2001 verið veitt VEF-leyfi til rafrænnar tollafgreiðslu. Í bréfi kæranda dags. 11. janúar 2008 sé því haldið fram að til staðfestingar á uppruna til tollfríðindameðferðar hafi í fjölda ára verið stuðst við skjal sem nefnt er „Declaration of conformity“ og að þetta hafi verið gert án nokkurra athugasemda frá embætti tollstjóra. Því sé haldið fram að þetta hafi verið gert fyrir þann tíma sem kærandi fékk leyfi til VEF-afgreiðslu, sem sé rafræn og því hafi þessi skjöl farið í gegnum hendur starfsmanna tollstjóra og verið tekin gild. Því hafi kærandi verið í góðri trú um að þetta skilríki uppfyllti skilyrði til áframhaldandi tollfríðindameðferðar. Vitneskja um að ofangreint skjal væri ekki nægjanleg upprunasönnun hafi fyrst fengist þegar bréf tollstjóra, dags. 30. ágúst 2007, með tilkynningu um að fyrirhuguð væri endurákvörðun aðflutningsgjalda barst kæranda, þar sem ekki lægju fyrir upprunasannanir, s.s. EUR-yfirlýsing eða EUR 1 skírteini. Eftir þann tíma hafi kærandi hafist handa við að afla rétttra upprunavottorða og leiðréttu þau mistök sem gerð hafi verið. Embætti tollstjórans voru sendar yfirlýsingar framleiðanda til staðfestingar uppruna, „EEA preferential origin“, dags. 4. og 5. september 2007. Þessum yfirlýsingum hafnaði embættið. Embætti tollstjórans í Reykjavík úrskurðaði um endurákvörðun aðflutningsgjalda þann 12. nóvember 2007. Kærandi fékk afhent EUR1 skírteini frá Cibes Lift AB í Svíþjóð, sem gefin voru út eftir, eftir að úrskurður um endurákvörðun hafði verið kveðinn upp, og sendi þau með sem fylgigögn kæru og lýsti því um leið yfir að fleiri slík skírteini yrðu send þegar þau bærust.

Kærandi telur engan ágreining vera til staðar vegna uppruna vörunnar og að endurákvörðun allt að 5 árum aftur í tímann sé afar íþyngjandi ákvörðun. Hann hafi nú sýnt fram á uppruna með lögformlegum upplýsingum framleiðenda og með eftiráútgefnum EUR1 skírteinum.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að heimild hans til að endurákvörða aðflutningsgjöld byggist á 5. mgr. 99. gr. eldri tollalaga nr. 55/1987 og 111. gr. tollalaga nr. 88/2005. Samkvæmt þessum heimildum sé tollstjóra heimilt að endurákvörða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann þegar um SMT- eða VEF- tollafgreiðslu sé að ræða. Þessi langi frestur til endurákvörðunar sé byggður á því að VEF-tollafgreiðsla fari fram með þeim hætti að innflytjandi sendi viðkomandi tollstjóra með skjalasendingum milli tölva þær upplýsingar sem honum ber að láta í té við tollafgreiðslu vara. Innflytjandi skal hafa tilhlýðilegt VEF-leyfi frá tollstjóra. Það sé því innflytjandi sem hafi varðveislu skjalanna. Hann sjái alfarið um alla tollafgreiðslu og tollstjóri fái aðeins innsýn í aðflutningsskýrslu og þau gögn sem eigi að vera til staðar henni til grundvallar skv. 18. og 19. gr. tollalaga nr. 55/1987, sbr. 28. gr. tollalaga nr. 88/2005, ef sérstaklega sé kallað eftir þeim eða þau sótt til innflytjanda til endurskoðunar skv. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, sbr. 119. gr. tollalaga nr. 88/2005. Það sé einnig vegna þessa sem sú skylda sé lögð á innflytjanda skv. f-lið 3. gr. reglugerðar 858/2000, nú 24. gr. tollalaga nr. 88/2005, að hafa á að skipa starfsfólki með fullnægjandi þekkingu á lögum og reglum varðandi tollmeðferð vara.

Um ábyrgð innflytjanda segir í greinargerð tollstjóra að kæranda beri sem innflytjanda vöru sem hafi heimild til SMT- eða VEF- afgreiðslu og nýtir sér hana ábyrgð á, að upplýsingar sem veittar séu í aðflutningsskýrslu séu réttar sbr. 1. mgr. 32. gr. tollalaga nr. 88/2005, sbr. 16. gr. eldri tollalaga nr. 55/1987. Enn fremur beri hann ábyrgð á að fram komi allar þær upplýsingar sem eigi að koma fram vegna tollafgreiðslunnar og að þær séu byggðar á viðeigandi fylgiskjölum sem eigi að liggja til grundvallar aðflutningsskýrslu skv. 28. gr. tollalaga nr. 88/2005, sbr. 18. og 19. gr. eldri tollalaga nr. 55/1987.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að kærandi haldi því fram að hann hafi í áraradír stuðst við skjal sem nefnt er „Declaration of Conformity“ sem upprunasönnun skv. bókun fjögur við EES samninginn og að það hafi verið gert án athugasemda tollstjóra. Við eftirspurn frá embættinu hélt kærandi því fram að starfsmaður tollstjóra hafi samþykkt ofangreint skjal sem upprunasönnun og gefið upp númer á sendingu númer SARN 05 05 9 SE VAG A002 sem átti að hafa verið afgreitt skv. þessu. Við rannsókn kom í ljós að sendingunni lá til grundvallar vörureikningur, sem áritaður var með hefðbundinni upprunayfirlýsingu útflytjanda skv. 21. gr. bókunar fjögur við EES-samninginn. Því sé ljóst að til þess hafi aldrei komið að starfsmaður embættisins hafi samþykkt ofangreint skjal sem upprunasönnun, enda séu í 1. mgr. 15. gr. bókunar fjögur við EES-samninginn taldir upp þrjár möguleikar til sönnunar uppruna skv. ofangreindri bókun, en þeir eru EUR1 skírteini, EUR MED skírteini og yfirlýsing á vörureikningi. Ofangreint skjal sé hins vegar yfirlýsing framleiðanda þess efnis að varan uppfylli tiltekna tæknistaðla sem gefnir eru út af Evrópusambandinu, en sé á engan hátt tengd upprunasönnun skv. bókun fjögur við EES-samninginn. Það sé því enginn grundvöllur til staðar til að samþykkja að ofangreint skjal nægi til upprunasönnunar skv. bókun fjögur við EES-samninginn. Sú fullyrðing kæranda að tollafgreiðsla hafi verið gerð með tollfríðindameðferð og „Declaration of Conformity“ verið notuð sem upprunasönnun án athugasemda frá embættinu geti því aðeins átt við þann tíma sem kærandi tollafgreiddi sjálfur með vefafgreiðslu. Kæranda var veitt leyfi til VEF-afgreiðslu þann 25. september 2001. Þess vegna sé ekki hægt að leggja góða trú kæranda til grundvallar þess að hann tollafgreiddi þær sendingar sem hér um ræðir með tollfríðindameðferð án þess að þær upprunasannanir, sem nauðsynlegar eru til að uppfylla formleg skilyrði bókunar fjögur fyrir slíkri meðferð lægju fyrir, þar sem honum ber skylda, eins og að ofan greindi, til að þekkja til laga og reglna varðandi tollafgreiðslu.

Rétt er að kærandi lagði seinna fram EUR1 skírteini, sem gefin voru út eftir á af útflytjendum sendinganna og stimpluð af töllyfirvöldum viðkomandi landa. Útgáfa slíkra skírteina eftir á sé í undantekningartilfellum heimil skv. 1. mgr. 17. gr. bókunar fjögur. Hins vegar verði að teljast að þessi gögn hafi verið lögð fram of seint, þar sem að þau voru ekki lögð inn fyrr en eftir að úrskurður um endurákvörðun aðflutningsgjalda var gerður þann 12. nóvember 2007, og var þeim skilað inn á tímabilinu janúar til nóvember 2008. Tilkynning um fyrirhugaða endurákvörðun var send kæranda með bréfi dags. 30. ágúst 2007, svo að tveir og hálfur mánuður var til stefnu til að skila inn ofangreindum gögnum. Í þessu sambandi vísast til úrskurðar hæstvirkar ríkistollanefndar nr. 9/2004 þar sem fram kemur að gögn til sönnunar uppruna skv. bókun fjögur við EES-

samninginn, sem skilað er eftir að úrskurður um endurákvörðun gjalda hefur verið gerður, séu of seint fram komin. Tollfríðindameðferð var hafnað af þessum sökum.

Sú staðreynd að ofangreindar sendingar hafi allar komið frá löndum sem falla undir bókun fjögur við EES-samninginn breytir engu, að mati tollstjóra, um að viðeigandi gögn til sönnunar uppruna vöru, sem send séu til landsins og tollafgreidd skv. fríverslunarsamningum, eigi að liggja fyrir við tollafgreiðslu og geymast í sex ár eftir tollafgreiðslu sendingar skv. lagalegri skyldu innflytjanda. Þá sé ekki hægt að vísa til þess að tollstjóri hafi ekki gert athugasemdir þar sem innflytjandi hafi, eins og greint var frá að ofan, leyfi til VEF-tollafgreiðslu, sem veitt var. Það þýðir að kærandi tollafgreiðir vörusendingar sjálfur rafrænt og ber því ofangreind skylda til kunnáttu í tollafgreiðslu, lögum og reglum sem þar að lúta og eins til varðveislu þeirra skjala sem eiga að liggja til grundvallar tollafgreiðslu. Tollstjóri fái aðeins innsýn í gögn og afgreiðslur með því að kalla eftir þeim til endurskoðunar og gera þá athugasemdir ef þörf þykir, eins hér hafi verið gert.

Tollstjóri mótmælir því að ljóst sé að vörurnar séu upprunnar innan EES-svæðisins. Þær upprunasannanir sem fyrir eiga að liggja við tollafgreiðslu og sem eiga skv. bókun fjögur við EES-samninginn að vera sönnun uppruna lágu ekki fyrir við tollafgreiðslu. Því hefur engin sönnun á uppruna varanna verið færð af innflytjanda sem ber hér sönnunarbyrðina.

Tollstjóri bendir á í þessu sambandi niðurstöðu álits umboðsmanns Alþingis í máli nr. 4822/2006, vegna kvörtunar vegna úrskurðar ríkistollanefndar nr. 12/2005. Í því máli var um að ræða skjöl, sem ekki uppfylltu að fullu ákvæði bókunar fjögur við EES-samninginn, sem lágu fyrir við tollafgreiðslu. Þau voru seinna leiðrétt af tollayfirvöldum í útflutningslandinu eftir að fyrirspurn og beiðni um sannprófun skv. 33. gr. bókunar fjögur við EES-samninginn hafði verið send varðandi sendingarnar af embætti tollstjórans í Reykjavík. Sem svar við þeirri fyrirspurn kom sú niðurstaða að hluti sendinganna sem um ræddi væru upprunavörur, en hluti þeirra ekki, svo að rétt hefði verið að úrskurða og endurákvæða gjöld einvörðungu vegna þess hluta sendinganna sem enga sannprófun uppruna var hægt að fá frá tollayfirvöldum erlendis. Sett var út á þá framkvæmd að hafa fengið slíka sannprófun skv. 33. gr. bókunar fjögur við EES-samninginn frá erlendum tollayfirvöldum og taka ekki tillit til þess svars sem frá þeim barst við endanlegan úrskurð um endurákvörðun aðflutningsgjalda.

Í því máli sem hér er til umfjöllunar segir tollstjóri að fyrir liggja sú staðreynd að kærandi tollafgreiddi sjálfur með VEF-afgreiðslu og nýtti sér tollfríðindameðferð skv. bókun fjögur við EES-samninginn án þess að tilhlýðileg skjöl lægju fyrir og uppfyllti því ekki lagaskyldu sína skv. 32. gr. tollalaga nr. 88/2005, en skv. henni ber hann sem innflytjandi ábyrgð á að allar upplýsingar séu réttar og byggt á þeim fylgiskjölum sem eiga að liggja til grundvallar við tollafgreiðslu. Í 4. tl. 1. mgr. 28. gr. tollalaga sé kveðið á um að frumrit viðeigandi upprunasönnunar skuli liggja fyrir í þeim tilvikum þegar sett sé fram krafa um fríðindameðferð innfluttrar vöru með vísan til fríverslunarsamnings sem Ísland á aðild að. Sem innflytjandi með leyfi til VEF-tollafgreiðslu bar kæranda skylda til að þekkja til laga og reglna um tollmeðferð vöru skv. 6. tl. 2. mgr. 24. gr. tollalaga, sbr. áður reglugerð nr. 858/2000. Því sé ekki hægt að fallast á að innflytjandi, sem ekki hefur haft tilhlýðilegar upprunasannanir til staðar þegar tollafgreiðsla var gerð á rafrænan hátt, eigi að geta skilað inn skírteinum, sem gefin eru út eftir á (issued retrospectively), þegar engar upprunasannanir lágu fyrir við tollafgreiðslu og þegar hefur verið úrskurðað um endurákvörðun gjalda og frestur til andmæla er liðinn, þar sem að innflytjandi hefur brotið lagaskyldu sína skv. 1. mgr. 32. gr. tollalaga nr. 88/2005, sbr. ofangreint. Þá sé munur á hvort um er að ræða upprunasönnun sem þegar liggur fyrir og þarfnast leiðréttingar eða hvort, eins og hér, var afgreitt rafrænt og tollfríðindameðferð beitt, án þess að nauðsynlegar upprunasannanir lægju fyrir. Þar af leiðandi eigi ofangreint álit umboðsmanns Alþingis ekki við um það mál sem hér er til umfjöllunar.

Það sé einnig í samræmi við þetta sem ofangreindur úrskurður ríkistollanefndar nr. 9/2004 sagði réttilega til um að ef upprunasönnun hafi ekki verið skilað til embættis tollstjóra á meðan á ferli til endurákvörðunar stóð, séu slík skjöl of seint fram komin, þar sem kærandi hafði ekki uppfyllt þær skyldur og þá ábyrgð sem honum bar eins og fram kom að ofan. Í fyrrgreindum úrskurði kom enn fremur fram að hæstvirt ríkistollanefnd hafi litið svo á að við tollmeðferð hafi fullgild EUR-yfirlýsing átt að liggja fyrir og fylgja þeim skjölum sem tollstjóri kallaði eftir, sbr. 28. gr. tollalaga nr. 88/2005.

Ekki sé hægt að telja að eitthvað annað geti átt við um EUR 1 skirteini sem ekki eru lögð fram fyrir en mörgum mánuðum eftir að endurákvörðun aðflutningsgjalda hefur verið gerð.

Þá segir að þær yfirlýsingar útflytjanda, sem kærandi vísi til í bréfi sínu uppfylli ekki skilyrði 21. gr. bókunar fjögur við EES-samninginn. Yfirlýsingin frá Cibes Lift AB sé einfaldlega yfirlýsing um að fyrirtækið hafi leyfisnúmer SE/GAE/00453 sem viðurkenndur útflytjandi í samræmi við 22. gr. bókunar fjögur. Yfirlýsingin frá CAMA Lifts ApS lýsir því yfir að upprunayfirlýsing sem fylgdi á eftir gildi fyrir reikninga sem gefnir höfðu verið út vegna sendinga til Raflagna Íslands og talin voru upp númer þeirra reikninga sem þessar yfirlýsingar áttu að gilda fyrir. Ofangreindar yfirlýsingar uppfylla ekki formleg skilyrði 21. gr. bókunar fjögur, en í 6. tl. hennar segir að yfirlýsing á vörureikningi skuli vera gefin út með þeim hætti að útflytjandi vélriti, stimpli eða prenti á vörureikninginn textann sem kemur fram í IV. viðauka a og IV viðauka b við bókun fjögur. Það er því formlegt skilyrði til þess að yfirlýsingin hafi gildi skv. 21. gr. að hver reikningur fyrir sig sé áritaður með slíkri yfirlýsingu. Það var því með réttu sem þessum yfirlýsingum var hafnað af starfsmanni embættisins. Að öðru leyti vísast til hins kærða úrskurðar.

Með hliðsjón af framansögðu krefst tollstjóri þess að hinir kærðu úrskurðir tollstjóra nr. 48/2007 og 49/2007 verði staðfestir.

Greinargerð tollstjóra var send kæranda til umsagnar með ábyrgðarbréfi þann 3. febrúar 2009. Í svari sem barst nefndinni þann 2. mars 2009 að eins og fram hafi komið hafi kærandi til margra ára flutt inn lyftur fyrir hjólastóla og varahluti fyrir slíkar lyftur. Framleiðendur séu annars vegar Cipes Lift AB í Svíþjóð og hins vegar Cama aps í Danmörku. Jafnframt séu allflestar lyfturnar sem kærandi hafi selt hérlendis í eigu opinberra stofnana og hafi CE merkingu, sem staðfestar séu með úttektum Vinnueftirlits ríkisins. Í ljósi þessa segir kærandi það vekja furðu sína að tollstjóri haldi því fram í greinargerð sinni að ekki sé ljóst sé að vörurnar séu upprunnar innan EES-svæðisins. Þessi afstaða tollstjóra sem þarna kemur fram sé í engu samræmi við hans eigin málavaxtalýsingu.

Ekki geti leikið neinn vafi á hver sé raunverulegur uppruni þeirra vörusendinga er sem mál þetta snúist um og báðir þeir framleiðendurnir sem um ræðir séu innan EES-svæðisins sem sé forsenda fríðindameðferðar við tollafgreiðslu. Það sé því með nokkrum ólíkindum að tollstjórinn í Reykjavík hafi gengið hart fram í að endurávarða toll á þessar vörusendingar og svipta þær ofangreindri fríðindameðferð og í kjölfarið að verja þá ákvörðun sína.

Eins og fram hefur komið urðu kæranda á þau mistök að telja „Declaration of conformity“ næga upprunasönnun á þeim lyftum sem fluttar voru inn frá Cibes Lift AB í Svíþjóð og Cama aps í Danmörku. Hafði slíkt skjal verið talið fullnægjandi upprunasönnun við almenna tollmeðferð og taldi kærandi slíkt nægja einnig fyrir rafræna tollmeðferð. Eftir endurskoðun á þessum færslum og úrskurð tollstjóra urðu kæranda ljós mistök þessi og hefur hann gert allt sem í hans valdi stóð til að bæta fyrir þau síðastliðin tvö ár. Hann hafi útvegaði yfirlýsingar frá fyrirtækjunum sambærilega og er viðurkennd á reikningum með undirrituðum stimpli ásamt ýmsum öðrum upprunastaðfestingum. Eftir að tollstjóri tjáði kæranda að slíkt væri ekki nægilegt var kæranda bent á þann möguleika sem fram kemur í 17. gr. bókunar 4 við EES-samninginn um eftir á útgefin flutningsskirteini, þ.e.a.s. að fá stjórnvöld í Svíþjóð og Danmörk til að gefa út EUR-1 skjöl eftir á, og var strax hafin vinna við að afla þeirra og fékk kærandi þá lögfræðiaðstoð frá Samtökum atvinnulífsins. En því miður varð mjög erfitt að fá stjórnvöld og fyrirtækin ásamt skipafélögum að gefa út þessi EUR-1 skjöl. En eftir miklar bréfaskriftir, símtöl og greiðslur fyrir þeirra vinnu hafðist það á endanum. Er hér meðfylgjandi afrit tveggja EUR-1 vottorða frá Svíþjóð og Danmörku frá framleiðendum varanna sem skjalfest eru af þarlandum yfirvöldum sem var aflað vegna þessa máls. Þessi skjöl hafa öll verið afhent tollstjóra en eru þó ekki á lista yfir fylgiskjöl málsins í umsögn tollstjórans um kærana. Í því ljósi er óskiljanlegt að í umsögn tollstjóra segi orðrétt að innflytjandi hafi ekki sannað að vörurnar sér upprunnar innan EES-svæðisins.

Þá segir að það veki furðu að þrátt fyrir að tollstjóri hafi gefið fresti til að útvega umrædd skjöl séu helstu rök hans nú fyrir því að úrskurðir hans verði staðfestir í málinu að þessi EUR-1 skjöl hafi borist of seint. Því til sönnunar eru meðfylgjandi bréfs frá lögfræðingi tollstjóra og eitt afrit af tölvupóstsamskiptum en þau eru fjölmörg síðastliðin tvö ár eða á meðan allir hafa unnið að lausn á þessu. Ef tollstjóri hafi aldrei ætlað sér að taka mark á EUR-1 skjölunum, því var hann þá að veita sérstakan frest til að útvega slík skjöl? Fyrir liggja heimild í lögum að afla upprunavottorða eftir á og geti embætti tollstjórans ekki gengið nú rúmu ári síðar á bak orða sinna og beitt fyrir sig að EUR-1 skjölin hafi borist of seint. EUR-1 skjöl fyrir allar sendingarnar hafi verið afhend tollstjóra og hafi kærandi því lagfært þá ágalla sem gáfu tollstjóra heimild til endurákvörðunar á aðflutningsgjöldum, bæði með öflun sérstakra yfirlýsinga frá yfirtækjum og með öflun EUR-1 skjalanna sem var unnið í fullu samstarfi við tollstjóra.

Að endurákvörða toll upp á vel á aðra milljón vegna misskilnings og e.t.v. vankunnáttu sé kæranda um megn að skilja og telst varla sanngjarnt á nokkurn hátt enda hefur margsinnis komið fram að varan sé sannarlega frá Danmörku og Svíþjóð. Hér varð einfaldlega misskilningur með fylgiskjöl sem kærandi hefur með mikilli fyrirhöfn bætt að fullu í sámráði við tollstjóra.

Í 1. mgr. 17. gr. bókunar fjögur við EES-samninginn sé gert ráð fyrir þeim möguleika að EUR-1 flutningsskírteini séu gefin út eftir á en þar segir; „Þrátt fyrir 9. mgr. 16. gr. er heimilt, í undantekningartilvikum, að gefa út EUR-1 flutningsskírteinið eða EUR-MED-flutningsskírteinið eftir að útflutningur framleiðsluvörunnar hefur átt sér stað, að því tilskildu að: a) það hafi ekki verið gefið út þegar útflutningurinn átti sér stað vegna mistaka eða yfirsjóna eða sérstakra kringumstæðna, eða b) sýnt sé fram á það á fullnægjandi hátt að mati tollyfirvalda að EUR-1-flutningsskírteinið eða EUR-MED-flutningsskírteinið hafi verið gefið út en ekki verið viðurkennt við innflutning af tæknilegum ástæðum.”

Kærandi telur að ekki verði betur séð en að þau undantekningartilvik sem talin séu upp í greininni eigi við um mál þetta, að vegna mistaka eða yfirsjóna hafi það farist fyrir að skírteinið væri gefið út á réttum tíma. Ef ríkistollanefnd fellst á túlkun tollstjóra á 17. gr. bókunar fjögur við EES-samninginn mun bókunin verða markleysa ein og missa gildi sitt fyrir innflytjendur og hún ekki ná tilgangi sínum og er þá vandséð hvaða tilgangi hún þjóni. Tilgangur bókunarinnar virðist einmitt sá að veita innflytjendum færi á að útvega rétt upprunavottorð hafi þeim láðst það vegna mistaka eða yfirsjóna. Verði túlkun tollstjóra á bókuninni ofan á munu íslenskir innflytjendur ekki sitja við sama borð og innflytjendur annars staðar á EES-svæðinu.

Ekki virðist um það deilt að formskilyrðum 3.,4.,5. og 6. tl. 17. gr. um það hvernig staðið skal að útgáfu EUR-1 flutningsskírteina eftir á hafi verið fullnægt.

Að öðru leyti en að framan greinir er vísað til þeirra röksemda sem fram koma í kæru.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og farið yfir þau gögn sem málsaðilar hafa lagt fram. Nánar tilgreint snýst mál þetta um endurákvörðun tollstjóra á gjöldum af nánar tilgreindum 15 vörusendingum sem fluttar voru til landsins á árunum 2002 til 2007 og innflytjandi flutti inn á grundvelli tollfríðindameðferðar vegna uppruna vöru skv. Bókun 4. við EES samninginn.

Innflytjandi heldur því fram að hann hafi, þegar hann tollafgreiddi sendingar á pappír notað athugasemdarlaust af hálfu tollyfirvalda sem EUR yfirlýsingu „Declaration of conformity“. Ljóst er að sú yfirlýsing uppfyllir ekki lagaskilyrði fyrir EUR tollmeðferð. Í 1. mgr. 32. gr. tollalaga nr. 88/2005, segir um ábyrgð innflytjanda „Innflytjandi, sem sendir tollstjóra aðflutningsskýrslu um vöru með rammaskilyrði um gagnaflytningarnet vegna SMT- eða VEF-tollafgreiðslu, ber ábyrgð á því að upplýsingar, sem þar eru veittar, séu réttar. Enn fremur ber hann ábyrgð á að fram komi allar þær upplýsingar sem eiga að koma fram vegna tollafgreiðslunnar og að þær séu byggðar á viðeigandi fylgiskjölum sem eiga að liggja til grundvallar aðflutningsskýrslu.“ Af þessu má ljóst vera að það er innflytjandi sem ber ábyrgð á að skjöl og upplýsingar sem fram koma í þeim uppfylli lagaskilyrði fyrir tollafgreiðslunni. Það er viðurkennt í máli þessu að innflytjandi var ekki með fullnægjandi upprunavottorð fyrir hinni innfluttu vöru við innflutning vörunnar.

Tollstjóri gerði því réttilega athugasemdir við innflutning vörunnar og tilkynnti að til endurákvörðunar gjalda gæti komið. Tollstjóri gaf hins vegar innflytjanda vörusendinganna í samræmi við lög tækifæri á að afla gagna sem sönnuðu uppruna hinna innfluttu vörusendinga.

Fram hefur komið í gögnum að innflytjandi lagði á sig verulega vinnu við að afla gagna sem sannið uppruna vörunnar. Að endingu fékk hann skriflega staðfestingu í formi endurútegefna EUR 1 flutningsskírteina, samkvæmt 17. gr. Bókunar 4 við EES samninginn, bæði frá dönskum og sænskum tollyfirvöldum, þ.e. tollyfirvöldum útflutningslands viðkomandi vörusendingar þess eðlis að umrædd vörusending teldist vera upprunavara. Í 17. gr. Bókunar 4 við EES samninginn segir.

EUR.1-flutningsskírteini eða EUR-MED-flutningsskírteini gefin út eftir á

1. Þrátt fyrir 9. mgr. 16. gr. er heimilt, í undantekningartilvikum, að gefa út EUR.1-flutningsskírteinið eða EUR-MED-flutningsskírteinið eftir að útflutningur framleiðsluvörunnar hefur átt sér stað, að því tilskildu að:

a) það hafi ekki verið gefið út þegar útflutningurinn átti sér stað vegna mistaka eða yfirsjóna eða sérstakra kringumstæðna,
eða

b) sýnt sé fram á það á fullnægjandi hátt að mati tollyfirvalda að EUR.1-flutningsskírteinið eða EUR-MED-flutningsskírteinið hafi verið gefið út en ekki verið viðurkennt við innflutning af tæknilegum ástæðum.

2. Þrátt fyrir 9. mgr. 16. gr. er heimilt, í undantekningartilvikum, að gefa út EUR-MED-flutningsskírteinið eftir útflutning framleiðsluvörunnar, sem EUR.1-flutningsskírteini var útgefið fyrir, að því tilskildu að sýnt sé fram á það á fullnægjandi hátt að skilyrðunum sem um getur í 5. mgr. 16. gr. hafi verið fullnægt að mati tollyfirvalda.

3. Við framkvæmd 1. og 2. mgr. skal útflytjandinn taka fram í umsókninni hvar og hvenær útflutningur framleiðsluvöru, sem EUR.1-flutningsskírteinið eða EUR-MED flutningsskírteinið á við um, hafi átt sér stað og taka fram ástæður fyrir beiðninni.

4. Tollyfirvöldum er einungis heimilt að gefa út EUR.1-flutningsskírteinið eða EUR-MED flutningsskírteinið eftir á þegar gengið hefur verið úr skugga um að upplýsingarnar, sem fram koma í umsókn útflytjandans, séu samhljóða þeim sem viðkomandi gögn hafa að geyma.

5. EUR.1-flutningsskírteini eða EUR-MED-flutningsskírteini, sem eru gefin út eftir á skulu vera árituð með eftirfarandi setningu á ensku:

„ISSUED RETROSPECTIVELY“

EUR-MED-flutningsskírteini, sem eru gefin út eftir á skv. 2. mgr., skulu vera árituð með eftirfarandi setningu á ensku:

„ISSUED RETROSPECTIVELY (Original EUR.1 no.....[útgáfustaður og -dagur])“

6. Áritunin, sem um getur í 5. mgr., skal færð í reit 7 á EUR.1-flutningsskírteininu eða EURMED-flutningsskírteininu.”

Við skoðun á EUR 1- flutningsskilríkjum þeim sem kærandi framvísar við nefndina vegna endurákvörðunar tollstjóra kemur í ljós að tollyfirvöld í útgáfulandinu hafa stimplað og áritað flutningsskilríkin, en á tvö flutningsskilríki vantar alveg áritun sem áskilin er í 5. lið 17. gr. Bókunar 4 við EES samninginn og á einu er áritunin röng. Samkvæmt 5. lið skulu flutningsskírteini vera árituð eftirfarandi setningu á ensku „ISSUED RETROSPECTIVELY“. Flutningsskírteinin sem áritunina vantar á eiga við sendingar E DET 20 06 6 DK AAR W268 og E DET 14 07 3 DK AAR W 217 og flutningsskírteinið þar sem áritunin uppfyllir ekki ákvæði 5. liðs 17 gr. á við sendingu E GOD 19 11 2 SE GOT W016.

Ríkistollanefnd fellst á kröfu kæranda að önnur fram komin EUR1- flutningsskírteini falli undir 17. gr. Bókunar 4 við EES samninginn og sanni með ótvíræðum hætti að hinar umbrættu 12 vörusendingar hafi haft að geyma upprunavöru í skilningi Bókunar 4 við EES samninginn.

Ríkistollanefnd úrskurðar með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 að hinir kærðu úrskurðir tollstjórans Reykjavík nr. 48 og 49/2007 skuli felldir úr gildi að öðru leyti en því að endurákvörðun af sendingum númer E GOD 19 11 2 SE GOT W016, E DET 14 07 3 DK AAR W 217og E DET 20 06 6 DK AAR W268 skuli standa óbreyttar.